



Fundargerð

Fundur í mennta- og menningarmálanefnd Reykhólahrepps þriðjudaginn 7. febrúar 2017 kl. 13.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Vilberg Þráinsson, Ágúst Már Gröndal og Árný Huld Haraldsdóttir. Einnig sátu fundinn Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir skólastjóri, Svanborg Guðbjörnsdóttir f.h. kennara og Íris Sigbórsdóttir f.h. starfsfólks leikskóladeildar. Agnieszka Kowalczyk boðaði forföll. Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir og ritaði fundargerð.

Fundargerðin er rituð á tölvu og er tvær blaðsíður.

Vilberg bauð fólk velkomið og spurði eftir öðrum málum á dagskrá, tvö mál bárust og var samþykkt að taka þau til afgreiðslu undir liðnum önnur mál. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 12. desember 2017.

Farið yfir fundargerðina. Vegna liðar 4 voru lögð fram til kynningar drög að verklagsreglum um útleigu á Reykhólaskóla og endurbættri gjaldskrá. Fundargerðin samþykkt samhljóða.

2. 1702001 – Greining á starfsumhverfi grunnskóla. Bókun I í kjarasamningi.

Í kjarasamningi grunnskólakennara 2014 voru gerðar breytingar á starfsumhverfi kennara og vinnumat innleitt í grunnskólum. Samningsaðilar voru sammála um að framkvæmd breytinganna hefði ekki tekist sem skyldi í mörgum grunnskólum og því er hverju sveitarfélagi falið að fara yfir framkvæmdina með fulltrúum kennara í hverjum skóla. Markmið slíkrar vinnu er að bæta framkvæmdina þar sem þörf er á og ná sátt um starfsumhverfið.

Nefndin leggur til að grunnskólakennarar Reykhólaskóla verði fulltrúar kennara í verkefninu og nefndarmenn í mennta- og menningarmálanefnd verði fulltrúar sveitarfélagsins. Fulltrúum til aðstoðar verði ráðnir utanaðkomandi aðilar sem sérhæfi sig í vinnu með sveitarfélögum, auk skólastjóra. Samþykkt samhljóða.

3. 1702002 – Skóladagatal 2016-2017, breyting.

Skólastjóri fór yfir breytingar á skóladagatali vegna óviðráðanlegra aðstæðna. Nefndin samþykkir breytingarnar samhljóða.

4. 1703003 – Trúnaðarmál.

Ritað í trúnaðarbók.

Mál til kynningar:

5. 1702004 – Skýrsla skólastjóra.

Erindi frá skólastjóra Reykhólaskóla.

Skólastjóri lagði fram og fór yfir skýrslu.

Önnur mál (ef einhver):

1. Sundlaugarmál.

Farið yfir stöðuna, nefndarmönnum hafa borist kvartanir frá íbúum varðandi þrif á húsnæði Grettislaugar.
Málið rætt, sveitarstjóra falið að vinna í málinu.

2. Tónlistakennari, staða ráðningar.

Skólastjóri kom því á framfæri að til stæði að auglýsa starfið með ráðningu kennara fyrir næsta haust í huga.

Fundargerð lesin, fundi slitið kl. 14.45.

_____	_____
_____	_____
_____	_____